

KJARASAMNINGUR

Sjómannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Samningstími

Síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 2007 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr.

Laun

Laun eru samkvæmt hjálögðum launatöflum.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót.

Desemberuppbót greiðist sem hér segir:

Á árinu 2004 kr. 38.500.

Á árinu 2005 kr. 39.700.

Á árinu 2006 kr. 40.700.

Á árinu 2007 kr. 41.800.

Orlofsuppbót greiðist sem hér segir:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2004 verði orlofsuppbót kr. 21.100.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2005 verði orlofsuppbót kr. 21.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2006 verði orlofsuppbót kr. 22.400.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2007 verði orlofsuppbót kr. 23.000.

4. gr.

Hækkað framlag í lífeyrissjóði

Frá 1. janúar 2005 hækkar framlag atvinnurekenda í samtryggingarlífeyrissjóð í 7,0% og á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1,0% fast í séreignasjóð óháð framlagi starfsmanns. Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjald atvinnurekenda til samtryggingarlífeyrissjóðs í 8,0% samhliða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds.

5. gr.

Grein um veikindi í orlofi, orðist svo:

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga).

*Jóhanna
Jón Þor*

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

6. gr.

Um fastlaunakerfi

Undirbúningur og gildistaka.

Heimilt er að taka upp fastlaunakerfi um borð í kaupskipum samkvæmt nánara samkomulagi við Sjómannafélag Reykjavíkur (SR). Fulltrúar SR og viðkomandi útgerðar skulu vinna sameiginlega að undirbúningi á upptöku kerfisins. Að lokinni undirbúningsvinnu ákveða SR og útgerð sameiginlega hvenær fastlaunakerfið taki gildi. Fastlaunakerfið nær þá til allra félagsmanna Sjómannafélagsins á skipum útgerðarinnar en er uppsegjanlegt með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Varðandi gildistíma, uppsögn og tilkynningu hennar gilda neðangreindar reglur.

Gildistími og uppsögn.

Sé ekkert tekið fram um gildistíma samningsins gildir hann ótímabundið. Heimilt er að láta samning um fastlaunakerfi gilda tímabundið til reynslu og að loknum reynslutíma sé gengið endanlega frá efni samningsins í ljósi reynslunnar. Ótímabundinn fastlaunasamningur er uppsegjanlegur með að minnsta kosti eins mánaðar fyrirvara.

Komi til uppsagnar fellur fastlaunakerfi félagsmanna SR hjá viðkomandi útgerð niður. Til að uppsögn félagsmanna SR sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meirihluta félagsmanna SR hjá viðkomandi útgerð.

Segi útgerð upp fastlaunakerfinu skal hún tilkynna það hlutaðeigandi félagsmönnum SR með að minnsta kosti mánaðar fyrirvara, ásamt því að tilgreina hvenær breyting muni koma til framkvæmda.

Fastlaunakerfi – jafnaðarlaun.

Fastlaunakerfi eru persónubundin heildarlaun fyrir óskilgreindan vinnutíma á sigldan mánuð. Í mánaðarlaunum fyrir sigldan mánuð eru innifaldar greiðslur samkvæmt neðangreindum greinum kjarasamningsins. (Samningsgreinar eru innan sviga):

Yfirvinna (1.3.), kaupauki vegna ákvæðisvinnu (1.4.), Tveggjavaktatillegg (1.5.), starfsaldurshækkningar (1.6.), mótortillegg (1.7.), olíutillegg (1.8.), langferðauppbót (1.13.), um vinnutíma (2.1.-2.2.), vinna ávakt (2.4.), vinna í vélarrúmi (2.5.), útkall (2.6.), vinna í tönkum o.fl. (2.7.), næturvarðstaða (2.11.), yfirvinna við komu til erlendar hafnar (3.1), hvíldarákvæði (3.2.), frídagar (3.3.), matar- og kaffihlé (4.2.), orlof (6.1.) og losun og lestun olíuskipa (7.1. – 7.2.).

Janín Þón
Janín Þón

Árslaun.

Laun skipverja byggja á fastlaunakerfi sem eru persónubundin heildarlaun. Árslaun eru reiknuð samkvæmt neðangreindri reglu. Til jöfnunar á launagreiðslu yfir árið er deilt með 12 í árslaun til ákvörðunar á greiddum launum á mánuði.

Við útreikning á árslaunum skal margfalda laun fyrir sigldan mánuð (30 dagar á sjó) með 7,5 (225 dagar) miðað við 24 orlofsdaga, 7,4 (222 dagar) miðað við 27 orlofsdaga og 7,3 (219 dagar) miðað við 30 orlofsdaga, sbr. neðangreinda töflu.

Virkir dagar	260	260	260
Orlof	-24	-27	-30
Tyllidagar	<u>-11</u>	<u>-11</u>	<u>-11</u>
Vinnuár	225	222	219
Sigldir mánuðir	7,5	7,4	7,3

Lágmarkslaun skipverja eru samsett og reiknuð samkvæmt reiknitöflum í viðauka 1 við kjarasamninginn.

Vinnuskil skv. framangreindum málsgreinum skulu gerð upp árlega. Umframdagar eða dagar sem upp á vantar gerast upp um áramót nema samkomulag verði um að flytja þá á milli ára. Öll frávik frá umsömdu vinnuári til fjölgunar eða fækkunar vinnudaga reiknast hlutfallslega miðað við umsamin árslaun.

Dæmi 1: Skipverji semur um 220 daga siglingu skv. gr. 1.4 en skilar 230 dögum á árinu. Árslaun skv. ráðningarsamningi breytast og verða:
 $230/220 \times$ (árslaun skv. ráðningarsamningi).

Dæmi 2: Skipverji semur um 220 daga siglingu skv. gr. 1.4 en skilar 210 dögum á árinu. Árslaun skv. ráðningarsamningi breytast og verða:
 $210/220 \times$ (árslaun skv. ráðningarsamningi).

Veikindalaun á fastlaunakerfi.

Skipverji, sem ekki getur sinnt störfum vegna óvinnufærni af völdum sjúkdóms eða frítímaslyss á rétt á launum svo lengi sem hann er óvinnufær skv. neðangreindum ákvæðum. Neðangreindur réttur til umsamdra mánaðarlauna fastlaunasamnings, samkvæmt skriflegum ráðningarsamningi, er heildarlaunaréttur á hverju tólf mánaða tímabili, sem komi í stað launaréttar skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Skipverji sem verður óvinnufær vegna veikinda/slyss í frítíma (frítúr) fær greidd mánaðarlaun skv. fastlaunasamningi eftir neðangreindum reglum komist hann ekki til vinnu eftir frítúrinn.

Heildarréttur veikindalauna á hverju tólf mánaða tímabili í starfi hjá sömu útgerð er:

Fyrstu 2 mánuði í starfi, mánaðarlaun til jafnlengdar starfstíma.

Eftir 2 mánaða starf, mánaðarlaun skv. fastlaunasamningi í 2 mánuði.

Eftir 1 árs starf, mánaðarlaun skv. fastlaunasamningi í 3 mánuði.

Eftir 3 ára starf, mánaðarlaun skv. fastlaunasamningi í 4 mánuði.

Eftir 5 ára starf, mánaðarlaun skv. fastlaunasamningi í 5 mánuði.

Eftir 10 ára starf, mánaðarlaun skv. fastlaunasamningi í 6 mánuði.

Jóns Pálsson
JPM

Vinnuslys um borð.

Skipverji sem verður óvinnufær vegna vinnuslyss um borð í skipi sínu á rétt til greiðslu mánaðarlauna skv. fastlaunasamningi í 2 mánuði til viðbótar við framangreindan veikindalaunarétt.

7. gr.

Ný grein um skipverja sem ráða sig til útgerðar.

Gildissvið:

Neðangreind ákvæði gilda um háseta og starfsmenn í vél, sem ráða sig til útgerðar og samþykkja færslu milli skipa. Þegar skipverji verður vinnufær að afloknum veikindum og kemst ekki strax um borð er útgerð heimilt að kalla hann til starfa í landi, sem eðlileg geta talist með tilliti til þekkingar hans og starfsreynslu, svo sem lestun og losun, sjóbúning og annað þess háttar. Sama á við þegar skipverji þarf að bíða einhvern takmarkaðan tíma í landi vegna færslu milli skipa.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur.

Á fyrsta mánuði/fyrstu ferð er enginn uppsagnarfrestur. Eftir eins mánaðar starf hjá útgerð er uppsagnarfrestur einn mánuður, eftir tveggja ára starf er uppsagnarfrestur tveir mánuðir og þrjú mánuðir eftir þriggja ára starf.

Aukinn uppsagnarfrestur.

Sé skipverja sagt upp eftir 10 ára samfelld starf hjá sömu útgerð er uppsagnarfrestur fjórir mánuðir ef skipverji er orðinn 55 ára, fimm mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og sex mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Skipverji getur hins vegar sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða fyrirvara.

8. gr.

Samningsforsendur

Markmið aðila með samningi þessum er að stuðla að efnahagslegum stöðugleika og jafnvægi á vinnumarkaði, sem hvort tveggja er grundvöllur uppbyggingar og fjölgunar starfa. Í samræmi við þessi markmið hvílir samningur þessi á eftirfarandi forsendum:

1. Að verðlag þróist í samræmi við verðból gumarkmið Seðlabanka Íslands.
2. Að sú launastefna og þær kostnaðarhækkningar sem í samningnum felast verði almennt stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði.

Fari svo á samningstímanum að ofangreindar forsendur bregðist geta aðilar að samningnum skotið málinu til sérstakrar forsendunefndar sem sett verður á fót til að stuðla að framgangi markmiða samningsins og festa forsendur hans í sessi.

Forsendunefndin skal skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af ASÍ og tveimur af SA og skal hún taka þegar til starfa. Verkefni hennar er að meta hvort ofangreindar forsendur standist og markmið náist. Nefndin skal jafnframt leita eftir samstarfi við stjórnvöld um það að fylgjast með þróun sem ógnað geti forsendum samningsins og eftir atvikum setja fram tillögur um viðbrögð þar sem við á.

Nefndin skal taka samningsforsendurnar til sérstakrar skoðunar fyrir 15. nóvember árin 2005 og 2006. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að marktækt frávík hafi orðið

Jóns
HMS
JTH PON

frá annarri eða báðum ofangreindra forsendna getur annað tveggja gerst. Ef samkomulag næst í nefndinni um viðbrögð getur hún úrskurðað að samningurinn haldi gildi sínu, að teknu tilliti til niðurstöðu nefndarinnar. Ef ekki næst samkomulag um viðbrögð er samningurinn uppsegjanlegur af hálfu samningsaðila. Uppsögn skal ákveða fyrir 10. desember og telst samningurinn þá vera laus frá næstkomandi áramótum að telja.

Nefndin skal setja sér nánari starfsreglur.

Reykjavík, 7. desember 2004.

F.h. Sjómannafélags Reykjavíkur

Jóns Kristjánsson
Þingni H. Þjórguðni

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón Þ. Magnússon
Halvar Þór Þorgeirsson
Staður Þ. Þorgeirsson

Launatafla frá 1. desember 2004.

VIÐVANINGUR		Dagkaup	Friðagar	Yfirv.
	Mán.laun	1/30	1/21,67	A
Byrjun	83.116	2.771	3.836	863,16
Eftir 6 mán	88.005	2.934	4.061	913,93
Eftir 1 ár	97.784	3.259	4.512	1.015,48

HÁSETI/PERNA		Dagkaup	Friðagar	Yfirv.
	Mán.laun	1/30	1/21,67	A
Byrjun	97.784	3.259	4.512	1.015,48
Eftir 2 ár	102.673	3.422	4.738	1.066,26
Eftir 5 ár	107.562	3.585	4.964	1.117,03

Hagræðing

Byrjun	103.651	3.455	4.783	1.076,41
Eftir 2 ár	108.833	3.628	5.022	1.130,23
Eftir 5 ár	114.016	3.801	5.261	1.184,05

Bónus 471

BÁTSMADUR		Dagkaup	Friðagar	Yfirv.
	Mán.laun	1/30	1/21,67	A
Byrjun	112.451	3.748	5.189	1.167,81
Eftir 2 ár	118.074	3.936	5.449	1.226,20
Eftir 5 ár	123.696	4.123	5.708	1.284,59

Hagræðing

Byrjun	119.198	3.973	5.501	1.237,87
Eftir 2 ár	125.158	4.172	5.776	1.299,77
Eftir 5 ár	131.118	4.371	6.051	1.361,66

DAGMADUR		Dagkaup	Friðagar	Yfirv.
	Mán.laun+ mótortill.	1/30	1/21,67	A
Byrjun	101.695	3.390	4.693	1.015,48
Eftir 2 ár	106.780	3.559	4.928	1.066,26
Eftir 5 ár	111.864	3.729	5.162	1.117,03

Hagræðing

Byrjun	107.797	3.593	4.974	1.076,41
Eftir 2 ár	113.186	3.773	5.223	1.130,23
Eftir 5 ár	118.576	3.953	5.472	1.184,05

Stórhátíðisdagur utan heimahafnar				Pr. dag
Fæðispeningar				2.212
				548

Jim
FOM
HMS

Launatafla frá 1. janúar 2005.

	VIÐVANINGUR			
	Mán.laun	Dagkaup 1/30	Frídagar 1/21,67	Yfirv. A
Byrjun	85.610	2.854	3.951	889,06
Eftir 6 mán	90.645	3.022	4.183	941,35
Eftir 1 ár	100.717	3.357	4.648	1.045,95

	HÁSETI/ÞERNA			
	Mán.laun	Dagkaup 1/30	Frídagar 1/21,67	Yfirv. A
Byrjun	100.717	3.357	4.648	1.045,95
Eftir 2 ár	105.753	3.525	4.880	1.098,24
Eftir 5 ár	110.789	3.693	5.113	1.150,54

Hagræðing

Byrjun	106.760	3.559	4.927	1.108,70
Eftir 2 ár	112.098	3.737	5.173	1.164,14
Eftir 5 ár	117.436	3.915	5.419	1.219,57

Bónus 485

	BÁTSMADUR			
	Mán.laun	Dagkaup 1/30	Frídagar 1/21,67	Yfirv. A
Byrjun	115.825	3.861	5.345	1.202,84
Eftir 2 ár	121.616	4.054	5.612	1.262,98
Eftir 5 ár	127.407	4.247	5.879	1.323,12

Hagræðing

Byrjun	122.774	4.092	5.666	1.275,01
Eftir 2 ár	128.913	4.297	5.949	1.338,76
Eftir 5 ár	135.052	4.502	6.232	1.402,51

	DAGMADUR			
	Mán.laun+ mótortill.	Dagkaup 1/30	Frídagar 1/21,67	Yfirv. A
Byrjun	104.746	3.492	4.834	1.045,95
Eftir 2 ár	109.983	3.666	5.075	1.098,24
Eftir 5 ár	115.220	3.841	5.317	1.150,54

Hagræðing

Byrjun	111.031	3.701	5.124	1.108,70
Eftir 2 ár	116.582	3.886	5.380	1.164,14
Eftir 5 ár	122.134	4.071	5.636	1.219,57

Stórhátíðisdagur utan heimahafnar
Fæðispeningar

Pr. dag

2.279

548

Jón Þór Hann.

Launatafla frá 1. janúar 2006.

	VIÐVANINGUR			
	Mán.laun	Dagkaup 1/30	Fridagar 1/21,67	Yfirv. A
Byrjun	87.750	2.925	4.049	911,28
Eftir 6 mán	92.912	3.097	4.288	964,89
Eftir 1 ár	103.235	3.441	4.764	1.072,10

	HÁSETI/PERNA			
	Mán.laun	Dagkaup 1/30	Fridagar 1/21,67	Yfirv. A
Byrjun	103.235	3.441	4.764	1.072,10
Eftir 2 ár	108.397	3.613	5.002	1.125,70
Eftir 5 ár	113.559	3.785	5.240	1.179,31

Hagræðing

Byrjun	109.429	3.648	5.050	1.136,42
Eftir 2 ár	114.901	3.830	5.302	1.193,24
Eftir 5 ár	120.372	4.012	5.555	1.250,06

Bónus 497

	BÁTSMADUR			
	Mán.laun	Dagkaup 1/30	Fridagar 1/21,67	Yfirv. A
Byrjun	118.720	3.957	5.479	1.232,91
Eftir 2 ár	124.656	4.155	5.752	1.294,56
Eftir 5 ár	130.592	4.353	6.026	1.356,20

Hagræðing

Byrjun	125.843	4.195	5.807	1.306,88
Eftir 2 ár	132.136	4.405	6.098	1.372,23
Eftir 5 ár	138.428	4.614	6.388	1.437,57

	DAGMADUR			
	Mán.laun+ mótortill.	Dagkaup 1/30	Fridagar 1/21,67	Yfirv. A
Byrjun	107.364	3.579	4.955	1.072,10
Eftir 2 ár	112.733	3.758	5.202	1.125,70
Eftir 5 ár	118.101	3.937	5.450	1.179,31

Hagræðing				
Byrjun	113.806	3.794	5.252	1.136,42
Eftir 2 ár	119.497	3.983	5.514	1.193,24
Eftir 5 ár	125.187	4.173	5.777	1.250,06

Stórhátíðisdagur utan heimahafnar
Fæðispeningar

Pr. dag
2.336
548

Handwritten signature: Jón Mús.

Launatafla frá 1. janúar 2007.

VIÐVANINGUR		Dagkaup	Frídagar	Yfirv.
	Mán.laun	1/30	1/21,67	A

Byrjun	89.724	2.991	4.140	931,79
Eftir 6 mán	95.002	3.167	4.384	986,60
Eftir 1 ár	105.558	3.519	4.871	1.096,22

HÁSETI/PERNA		Dagkaup	Frídagar	Yfirv.
	Mán.laun	1/30	1/21,67	A

Byrjun	105.558	3.519	4.871	1.096,22
Eftir 2 ár	110.836	3.695	5.115	1.151,03
Eftir 5 ár	116.114	3.870	5.358	1.205,84

Hagræðing

Byrjun	111.891	3.730	5.163	1.161,99
Eftir 2 ár	117.486	3.916	5.422	1.220,09
Eftir 5 ár	123.080	4.103	5.680	1.278,19

Bónus 508

BÁTSMADUR		Dagkaup	Frídagar	Yfirv.
	Mán.laun	1/30	1/21,67	A

Byrjun	121.391	4.046	5.602	1.260,65
Eftir 2 ár	127.461	4.249	5.882	1.323,68
Eftir 5 ár	133.531	4.451	6.162	1.386,72

Hagræðing

Byrjun	128.675	4.289	5.938	1.336,29
Eftir 2 ár	135.109	4.504	6.235	1.403,10
Eftir 5 ár	141.542	4.718	6.532	1.469,92

DAGMADUR		Dagkaup	Frídagar	Yfirv.
	Mán.laun+ mótortill.	1/30	1/21,67	A

Byrjun	109.780	3.659	5.066	1.096,22
Eftir 2 ár	115.269	3.842	5.319	1.151,03
Eftir 5 ár	120.758	4.025	5.573	1.205,84

Hagræðing

Byrjun	116.367	3.879	5.370	1.161,99
Eftir 2 ár	122.185	4.073	5.638	1.220,09
Eftir 5 ár	128.004	4.267	5.907	1.278,19

Stórhátíðisdagur utan heimahafnar
Fæðispeningar

Pr. dag

2.388

548

JHM
Pén
KMS.